

## **1. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2014, haldinn 23. október 2014 í leikskólanum kl. 15.30. 1. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Halldóra Halldórsdóttir, leikskólastjóri, Sigfríð Lárusdóttir, fulltrúi foreldra, Arnheiður S. Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks.

### **Dagskrá**

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Starfsáætlun.**
- 3. Fjárhagsáætlun og gjaldskrá 2015.**
- 4. Innleiðing skólastefnu.**
- 5. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

### **1. Skýrsla skólastjóra.**

- ❖ Breytingar urðu á starfsfólki. Halla Gunnarsdóttir fór í sumarleyfi um miðjan júní og hætti svo störfum sem leikskólastjóri og í kjölfarið tók undirrituð við. Erla Jóhannsdóttir kom aftur til starfa eftir barneignarleyfi. Í vor var svo auglýst eftir leikskólakennara í deildarstjórastöðu og sótti Gréta Gísladóttir leikskólakennari og myndlistarkona um stöðuna og var ráðin. Í kjölfarið var einum ófaglærðum starfsmanni sagt upp störfum. Samkvæmt lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla koma eftirfarandi mönnunarreglur fram: Að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 87/2008. Nú starfa fimm leikskólakennarar og einn þroskaþjálfari við leikskólann og hefur aldrei verið jafn hátt hlutfall faglærðra í húsi ásamt mikilli reynslu allra starfsmanna.

Dúna Rut Karlsdóttir tók sér launalaust leyfi frá 15. okt. síðastliðnum og tók að sér ritarastörf í Flúðaskóla út þetta skólaár og ætlar að endurskoða fyrir sumarfrí hvort hún komi aftur. Erla Björg Arnardóttir leysir hana Dúnu af. Arnheiður Sigríður Þorvaldsdóttir hefur sagt upp störfum og hefur uppsagnarfrest til 15. janúar 2015. Elma Jóhannsdóttir sótti um starf og var hún ráðin í tímabundna stöðu fram að sumarfrí og byrjar hún 9. desember.

Ef fer sem horfir fyrir næsta skólaár verðum við að segja upp fleira starfsfólki og sameina deildir þar sem börnum fer fækkandi er þetta frekar sorgleg þróun í okkar annars ágæta sveitafélagi.

- ❖ Nú fram að áramótum verður barnafjöldi 37 börn. Fjögur ný börn byrjuðu í leikskólanum núna í ágúst og er eitt til viðbótar að hefja leikskólagöngu hjá okkur. Fyrir sumarfrí var aðeins vitað um tvö börn sem kæmu til okkar nú í haust. Einnig er búið að sækja um fyrir eins árs dreng sem byrjar í janúar.
- ❖ Í sumarfríinu var leikskólinn málaður að innan og lekaskemmdir lagfærðar. Kaffistofa starfsmanna, undirbúningsherbergi og skrifstofa eru ómáluð enn og átti að mála í október en einhver bið verða á því þar sem málarinn er eitthvað laskaður. Lítið var gert á útisvæði vegna mikilla rigninga en settar voru hellur í eitt beðið sem kemur mjög vel út. Útileiktækin okkar eru orðin mjög léleg og tréverkið allt að molna, það er orðið aðkallandi að endurnýja þau.
- ❖ Upppottavélin okkar var okkur erfið í september og varð Inga að vaska upp allt leirtau í höndum í einar tvær vikur sem var alltof langur tími og á hún hrós skilið fyrir ómælda þolinmæði enda aðstaðan í eldhúsinu ekki sérlega góð.
- ❖ Starfið hefur farið vel af stað þetta skólaár, starfsfólk jákvætt og afslappað. Það er alltaf gaman að sjá hversu mikið börnin stækka og þroskast í sumarfríinu. Hann Helgi í Slakka bauð okkur í heimsókn í ágúst og fór allur leikskólinn ásamt nokkrum foreldrum í skemmtilega heimsókn í dýrindis veðri, rausnarlegt boð hjá honum. Í síðustu vikunni af ágúst voru börn og starfsfólk á faraldsfæti í rifsberjaleiðangrum og svo var sultað. 1. bekkur kom og aðstoðaði okkur í kartöfluupptöku og var uppskeran einstaklega góð þetta árið og fóru allir með vænan skammt af kartöflum með sér heim.
 

September var tileinkaður sauðkindinni með verkefnavinnu og umræðum. Á degi Íslenskrar náttúru fóru allir með hópana sína í útikennslu í nágrenni við leikskólann.

Í vetur hafa börnin á Skógarkoti verið í ART og gengur það mjög vel og eru allir sammála um að þessir tímar skili miklu bæði heima og í skólanum.

Börnin hafa verið að fara á bókasafnið í litlum hópum. Þar fá þau að kynnst bókasafninu, skoða bækur og svo les Áslaug bókasafnsvörður fyrir þau.

Í síðustu viku fóru Snillingarnir (elstu börnin) í mikla menningarreisnu þau fóru til Reykjarvíkur og skoðuðu Þjóðminjasafnið og Listasafn Íslands einnig kíktu þau inni Ráðhús Reykjarvíkur. Sama dag fóru Vitringarnir (þessi næst elstu) í útikennsluferð í Haukadalsskóg, þau stöldruðu einnig við á Geysi og margt skemmtilegt skoðað og rannsakað. Báðar ferðirnar voru vel heppnaðar og þóttu mjög skemmtilegar og fróðlegar bæði fyrir börn og starfsfólk.
- ❖ Við höfum sett leikinn í forgang / að læra í gegnum leik og erum að vinna að innleiðingu á Skólanámskránni en það mun taka okkur dágóðan tíma og eigum við eftir að setja niður innleiðingarferlið og hvernig við viljum sjá leikskólann þróast og þroskast í framtíðinni.

- ❖ Unnur Þórsdóttir kemur til okkar tvo morgna í vetur og er Else Nielsen hennar stuðningur.
- ❖ Starfsfólk leikskólans skundaði bæði á sameiginlegt Skólaping/ námskeiðsdag Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls og Haustþing 8.deildar FL. Báðir dagarnir fróðlegir og nýtast okkur svo sannarlega í öllu okkar starfi.
- ❖ Leikskólastjóri er á námskeiði sem heitir Leiðtogaþjálfun á vegum Profectus og er það mjög lærdómsríkt og mun það nýtast vel í starfi.
- ❖ Skrifstofan var tekin í gegn og var mörgu hent og vinnuaðstaðan lagaðist til muna og nú vinnum við að því að gera vinnuaðstöðuna í undirbúningsherberginu betri og jákvæðari.

## 2. Starfsáætlun.

Leikskólastjóri fór yfir starfsáætlun leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólalagd leikskólans koma þar fram og skólalagatal birt. Þar kemur m.a. fram að aðaláherslurnar fyrir þetta skólaár verða samvinna, leikur og útikennsla. ART verður gert hátt undir höfði, bæði munnlega og myndrænt. Einnig kom fram að ný skólanámskrá leikskólans varð til síðasta vetur og verður innleiðing hennar forgangsverkefni í leikskólanum í vetur. Skólanefnd samþykkir starfsáætlun leikskólans og bendir á að skýrslan verður aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

## 3. Fjárhagsáætlun og gjaldskrá 2015.

Tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá leikskólans fyrir árið 2015 var kynnt. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði rúmar 65 milljónir með húsaleigu eignasjóðs sem er nokkur hækkun frá 2014 en þá var heildarkostnaðurinn 57 milljónir. Þessi hækkun milli ára skýrist af hækkuðum launakostnaði vegna kjarasamninga starfsfólks.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir vistun barna í leikskólanum. Hækkun á vistun verður 2,8%.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir matarkostnað leikskólans. Gert er ráð fyrir að einingaverð á mat úr mötuneyti hækki úr 310 kr. í 330 kr., morgunhressing fari úr 67 kr. í 69 kr. og síðdegishressing fari úr 102 kr. í 105 kr.

Meirihluti skólanefndar samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir Undraland árið 2015. Bjarney Vignisdóttir samþykkir ekki 6,4% hækkun á mat úr mötuneyti og leggur til að hækkun á mat úr mötuneyti verði einungis 2,8% eins og vísitöluhækkun sl. 12 mánaða.

## 4. Innleiðing skólastefnu.

Rætt um innleiðingu skólastefnu. Nefndarmenn og starfsfólk leikskóla skoða skólastefnuna fyrir næsta fund þar sem hafinn verður undirbúningur að aðgerðaáætlun fyrir framkvæmd skólastefnu.

## 5. Önnur mál.

### a) Vistun 12 mánað barna.

Umsókn um undanþágu. Leikskólastjóri lagði fram 1 umsókn um undanþágu sbr. 6 gr. vistunarreglna leikskólans.

Skólanefnd samþykkir umsóknina.

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 16:30